

Mál nr. 221/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega N.

Starfsmaður slasaðist við árekstur lyftara á vinnusvæði 7.11.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.7.2016 ásamt fylgiskjölum 1-15
2. Bréf V dags. 9.8.2016 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M ók lyftara í umrætt sinn út úr gám þegar samstarfsmaður M ók stórum lyftara í veg fyrir akstursleið M og árekstur varð. M var greind með tognun á lendarhrygg sem afleiðingar slyssins. M segist hafa harkað af sér og stundað sjúkraþjálfun, en eftir að hún hóf vinnu fyrri hluta ársins 2015 hafi hún komist að raun um að afleiðingar slyssins væru varanlegar og er á því byggt af hálfu M að hún hafi fyrst mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki tjóni sínu í byrjun árs 2015. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega N hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að slys M hafi ekki verið tilkynnt innan árs frá því að M vissi um atvik sem lágu að baki kröfu hennar sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V bendir á að slysið varð 7.11.2012 og var ekki tilkynnt félaginu fyrr en 29.6.2015, þó eyðublað tjónstilkynningar sé dagsett 24.2.2015. V segir að M hafi verið meira og minna þjökuð af bakverkjum frá slysi og komist aftur til vinnu eftir margra mánaða óvinnufærni. V telur að M hefði mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni strax í febrúar 2013, en þá hafði hún verið óvinnufær í 3 mánuði og í síðasta lagi í byrjun nóvember 2013 en þá hafi hún farið í léttari störf vegna stoðkerfisvandamála og fyrir lá vottorð gigtarlæknis um aukið einkenni vefjagigtar.

Álit.

Við komu á sjúkrastofnun eftir slysið 7.11.2012 var M greind með tognun. Því er lýst í gögnum málsins að M var í nánast stöðugri meðferð sjúkraþjálfara og var óvinnufær í nokkra mánuði og hlaut vefjagigtargreiningu skömmu eftir slysið. Einnig liggur fyrir að M hafði áður átt við bakvandamál að stríða vegna annars slyss. Í læknisvottorði dags. 16.7.2015 kemur fram að M hefur verið meira eða minna þjökuð af bakverkjum frá slysinu og óvinnufær um nokkurt skeið eftir það. Þá vísar læknirinn til þess í vottorðinu til álits læknis sem segir að M sé með vefjagigt og hafi sjúkdómurinn blossað upp við slysið. Einnig kemur fram í umræddu vottorði að M hafi fengið tilvísun til sérstaks endurhæfingarfyrirtækis í júní 2013 og álit gigtarlæknis frá sama tíma. Í ljósi þessa og þeirra stöðugu óþæginda sem M átti við að etja frá 7.11.2012 verðu að ætla að hún hafi mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í lok ársins 2013. Slysið var hins vegar ekki tilkynnt fyrr um mitt ár 2015 og var þá liðinn ársfrestur til að tilkynna slysið sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega N.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega N.

Reykjavík 6.9.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.